

Nd. **211. Breytingartillögur** [126. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Á eftir 4. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
Á eftir 2. málsg. 26. gr. komi ný málsgrein, er verði 3. málsgrein, svo hljóðandi:
Stundi barnið kauplaust nám eftir 16 ára aldur, a. m. k. 6 mánuði á almanaksári, skulu áfram greiddar með því fjölskyldubætur fyrir hvert almanaksár, þar til nemandinn hefur náð 21 árs aldri, nema hann hafi áður öðlazzt skilyrði til þess að njóta námsaðstoðar skv. gildandi reglum hverju sinni um námsaðstoð skv. lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Bætur greiðast í einu lagi fyrir hvert ár, þegar færðar hafa verið sönnur á 6 mánaða skólavist með a. m. k. 30 kennslustundum á viku.
2. Við 11. gr. Niður falli setningin: „Fjölskyldubætur eru undanþegnar þessu ákvæði, en um hækkun þeirra fer eftir ákvörðun ríkisstjórnar hverju sinni.“